



Borgarráð

**Útboðsfyrirkomulag vegna akstursútboðs sem tekur gildi í ágúst 2024**

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða beiðni stjórnar Strætó bs., dags. 22. mars 2023, um endurútboð á akstri almenningsvagna til átta ára með heimild til framlengingar í tvö ár.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Bréf frá stjórn Strætó bs, dags. 22. mars 2023

Minnisblað Mannvits, dags. 16. mars 2023



Reykjavík 22. mars 2023

Til: Eigendavettvangs Strætó bs

Frá: Stjórn Strætó bs.

**Efni:** Útboðsfyrirkomulag vegna akstursútboðs sem tekur gildi í ágúst 2024.

**Tillaga:**

Lagt er til að eigendavettvangur Strætó bs. samþykki fyrir sitt leyti beiðni stjórnar Strætó bs. um endurútboð á akstri almenningsvagna til átta ára með heimild til framlengingar í tvö ár. Strætó bs. verði þá falið að senda tillöguna til umræðu og afgreiðslu á vettvangi aðildarsveitarfélaganna. Um er að ræða útboð á sama hluta aksturs Strætó bs., að teknu tilliti til breytinga á leiðakerfi, og nú þegar er boðinn út. Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi minnisblaðs frá Mannviti, dagsett 16. mars 2023, sem útlistar fyrirkomulag útboðs.

**Greinargerð:**

Í útboðinu er miðað við að allt að þrjú aðilar geti annast aksturinn og er akstursmagninu því skipt upp í 3 sambærilega stærðarhluta. Verði einunigs eitt tilboð gilt verður heimilt að semja við þann aðila. Forsendur fyrir vali á akstursaðila verði hagkvæmasta tilboð á grundvelli lægsta verðs í hvern útboðshluta. Gert er ráð fyrir því að orkuskipti komi inn í áföngum en verði að fullu komin til framkvæmda á árinu 2027. Gert er ráð fyrir að akstur sem hér er um að ræða útboð á verði a.m.k. að helmingi á rafmagnsvögnum frá 15. ágúst 2026. Allur akstur skal fara fram á rafmagnsvögnum frá 15. ágúst 2027, en þó má nota díselvagna sem varavagna fram til 15. ágúst 2029. Áætlaður fjöldi vagna er á bilinu 69 til 88 vagnar og aksturmagn á bilinu 290 þús. – 348 þús. klst. Innleiðing Nýs leiðanets hefur áhrif á aukningu í fjölda vagna og klst. eftir því sem líður á samningstímann og gert er ráð fyrir að vagnafjöldi og akstursmagn aukist á tímabilinu. Þar sem um er að ræða dýrari upphafs fjárfestingu (rafvagnar) er lagt til að samningstími geti verið allt að 10 ár. Um verður að ræða almennt opið útboð.

Núverandi samningar um aðkeyptan akstur vegna almenningsvagna renna út 13. ágúst 2024.

Fyrir hönd Strætó bs.

Jóhannes Rúnarsson

Framkvæmdastjóri Strætó.



MANNVIT

# Minnisblað

Viðtakandi: Jóhannes Svavar Rúnarsson, Strætó  
Sendandi: Sigurður Guðjón Jónsson, Mannvit  
Dreifing: Valdimar Jónsson, Mannvit  
Dagsetning: 16.03.2023  
Skjalanúmer: 1110258-000-RMO-0001

## Akstur almenningsvagna á höfuðborgarsvæðinu – útboð

Í minnisblaði þessu verður farið yfir helstu atriði útboðs á akstri almenningsvagna á höfuðborgarsvæðinu. Haldinn var vinnufundur með stjórn Strætó þann 8. febrúar 2023 þar sem farið var yfir helstu atriði og teknar ákvarðanir varðandi framhaldið. Hér er búið að taka tilliti til þeirrar umræðu og ákvarðana eftir því sem við á.

### Útboðshlutar

Útboði verður skipt upp í þrjá álíka stóra útboðshluta þar sem hægt verður að bjóða í einn, tvo eða alla þrjá hluta útboðsins.

#### Útboðshluti 1

- Fjöldi leiða: 3-5
- Áætlaður fjöldi vagna: 24-30 stk. + vara-/viðbótarvagnar
- Áætlaður akstur á ári: 98-112 þúsund klst.

#### Útboðshluti 2

- Fjöldi leiða: 6-7
- Áætlaður fjöldi vagna: 23-31 stk. + vara-/viðbótarvagnar
- Áætlaður akstur á ári: 101-124 þúsund klst.

#### Útboðshluti 3

- Fjöldi leiða: 5-8
- Áætlaður fjöldi vagna: 22-27 stk. + vara-/viðbótarvagnar
- Áætlaður akstur á ári: 94-112 þúsund klst.

Með innleiðingu nýs leiðarnets samhliða uppbyggingu Borgarlínu munu útboðshlutar taka umtalsverðum breytingum. Þeim fyrisjáanlegu breytingum er lýst í útboðsgögnum þannig að bjóðendur vita hvaða breytingar munu eiga sér stað í viðkomandi útboðshluta. Annars vegar er um að ræða breytingar á leiðaneti þegar Fossvogsbrú verður tekin í notkun (áætlað 2026) og hins vegar þegar borgarlína lota 1 verður tekin í notkun (áætlað 2027). Hvenær framangreindar breytingar, vegna uppbyggingu Borgarlínu, taka gildi liggur ekki nákvæmlega fyrir heldur eru tímasetningar áætlaðar og eingöngu til viðmiðunar.

### Forsendur fyrir vali á tilboði

Samið verður við þann aðila sem á hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli lægsta verðs í hvern hluta útboðsins.

Gengið er út frá því að samið verði við a.m.k. tvo aðila í útboðinu, þ.e. að ekki verði samið við einn aðila um alla hluta útboðsins.



Kaupanda er þó áskilinn sá réttur að semja við einn aðila um alla hluta útboðsins komi upp sú staða að einungis einn aðili sé með gilt og aðgengilegt (ekki yfir kostnaðaráætlun) tilboð í alla hluta.

### Samningstími

Samningstími er 8 ár með heimild til þess að framlengja samning einu sinni um 2 ár, þ.a. heildarlengd samnings getur því orðið allt að 10 ár.

### Orkuskipti

Í útboðinu er gerð krafa um orkuskipti, þ.e. að seljandi innleiði notkun rafmagns strætisvagna í stað dísel strætisvagna. Eftirfarandi lágmarkskröfur eru gerðar til fjölda rafmagns strætisvagna á samningstímanum.

- Frá og með 15. ágúst 2026 skal a.m.k. helmingur (50%) aksturstíma sem seljandi vinnur samkvæmt útboði þessu eknir á rafmagns strætisvögnum.
- Frá og með 15. ágúst 2027 skulu allir (100%) aksturstímar sem seljandi vinnur samkvæmt útboði þessu eknir á rafmagns strætisvögnum.

Frá 15. ágúst 2027 til 15. ágúst 2029 er seljanda heimilt að nota dísel strætisvagna sem varavagna til að bregðast við aðstæðum eins og bilunum og öðrum óhöppum sem valda því að rafmagns strætisvagnar eru teknir tímabundið úr notkun.

### Tæknilegar kröfur til strætisvagna

Gerð er sú krafa að allir nýir rafmagns uppfylli viðeigandi kröfur samkvæmt Bus Nordic (útgáfa 1.1 október 2019) auk nokkurra sérkrafna sem Strætó gerir. Eru það sömu kröfur og Strætó gerði til nýrra rafmagns strætisvagna sem keyptir voru á árinu 2022. Sambærilegar kröfur eru gerðar því til nýrra strætisvagna hvort sem þeir eru í eigu og rekstri Strætó eða annarra aðila er sinna akstri fyrir Strætó samkvæmt samningum.

Dísel strætisvagnar, hvort sem þeir eru í notkun hér á landi í dag eða ekki, skulu uppfylla R 107 Class 1 (ECE Regulation R 107). Auk þess er gerð sú krafa að vél bifreiða (strætisvagna) uppfylli kröfur um útblástursmengun sem gerðar eru samkvæmt þeim stöðlum sem í gildi eru fyrir bifreiðarnar á hverjum tíma og að lágmarki kröfu EURO VI staðals um losunarmörk, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009, með síðari breytingum

### Hæfi bjóðenda

Kröfur um hæfi vegna starfsréttinda

- Bjóðendur skulu vera skráðir í fyrirtækjaskrá.
- Bjóðendur skulu hafa rekstrarleyfi til farþegaflutninga í atvinnuskyni með bifreiðum sem eru skráðar fyrir níu farþega eða fleiri í samræmi við lög nr. 28/2017 um farþegaflutninga og farmflutninga á landi

Kröfur um hæfi vegna fjárhagsstöðu

- Bjóðandi skal vera í skilum með opinber gjöld.
- Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld.
- Bjóðandi skal vera með jákvætt eigið fé síðastliðin 3 ár.

Kröfur um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu

- Bjóðandi skal hafa a.m.k. þriggja ára samfellda reynslu á síðastliðnum fimm árum af sambærilegri þjónustu. Með sambærilegri þjónustu er átt við þjónustu í tengslum við leyfisbundna farþegaflutninga sbr. kröfur laga nr. 28/2017 um farþega og farmflutninga á landi.
- Yfirstjórnandi þjónustunnar skal hafa a.m.k. þriggja ára samfellda reynslu á síðastliðnum fimm árum af sambærilegri þjónustu. Með sambærilegri þjónustu er átt við þjónustu í tengslum við leyfisbundna farþegaflutninga sbr. kröfur laga nr. 28/2017 um farþega og farmflutninga á landi.

- Bjóðandi skal hafa yfir að ráða nægjanlegum fjölda strætisvagna sem uppfylla kröfur útboðsgagna.
- Bjóðandi skal vinna samkvæmt skilgreindu gæðastjórnunarkerfi.
- Bjóðandi skal vinna samkvæmt skilgreindu umhverfisstjórnunarkerfi.

Gerð er krafa um að bjóðendur skili inn með tilboði sínu vottorðum og eftir því sem við á öðrum gildum og greinargóðum skráum sem staðfesta að þeir uppfylli kröfur um hæfi.

### **Magntölur og uppgjör**

Magntölur í tilboðsskrá, annars vegar fyrir fastagjald (mánaðargjald) og hins vegar fyrir akstur strætisvagna, eru áætlaðar m.v. að hlutfall aksturstíma á eignum á dísel eða rafmagns strætisvögnum. Uppgjör við seljanda verður því bæði á grundvelli einingarverða fyrir rafmagns strætisvagna og dísel strætisvagna eftir því sem við á.

### **Rýni útboðsgagna**

Margir aðilar koma að gerð útboðsgagna en sérfræðingar hjá Mannviti ásamt starfsmönnum Strætó halda utan um og vinna gögnin að mestu. Sérfræðingar í útboðsmálum hjá Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar ásamt lögfræðingum hjá Borgarlögmanni munu rýna útboðsgögnin. Auk þess sem ákveðið hefur verið að fá óháða rýni frá lögfræðistofu, sérhæfðri í verk- og þjónustusamningum annars vegar og samkeppnismálum hins vegar.